

## Apolló 12042



Frá Keldudal, Hegranesi  
Fæddur: 20. júní 2012  
Ræktendur: Guðrún og Þórarinn

**Faðir: Ófeigur 02016**

### Móðurætt:

M. Baugalín 529  
Mf. Baugur 05026  
Mm. Rauðsokka 306  
Mff. Stígur 97010  
Mfm. Toppa 276, Kotlaugum  
Mmf. Laski 00010  
Mmm. Kóróna 262, frá Ytri-Skjaldarvík

### Lýsing/umsögn:

Kolóttur (fæddur rauður), stjórnóttur, kollóttur. Yfirlína nokkuð bein. Boldýpt góð en útlögur fremur litlar. Malir aðeins grannar, þaklaga en beinar. Fótstaða bein og sterkleg. Finbyggður og háfættur gripur. Meðalvaxtarhraði 804 g/dag.

### Umsögn um móður:

Baugalín 529 er fædd í desember 2007. Rauðhuppótt, sokkótt, kollótt. Í árslok 2013 var hún búin að mjólka í 3,9 ár, að meðaltali 8.287 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,40% sem gefur 281 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,66% sem gefur 386 kg af mjólkurfitu eða 667 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

**Nafn og nr. móður:** Baugalín 529

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
125	105	91	112	125

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjöltun	Skapgerð
88	18	16	17	5

## Hýsill 12044



Frá Þverlæk, Holtum  
Fæddur: 3. júlí 2012  
Ræktendur: Kristinn og Elín

**Faðir: Máni 03025**

### Móðurætt:

M. Vitneskja 697  
Mf. Laski 00010  
Mm. Þekking 488  
Mff. Smellur 92028  
Mfm. Lubba 177, Dalbæ, Hrunam.hr.  
Mmf. Pinkill 94013  
Mmm. Örk 410

### Lýsing/umsögn:

Dökkkolóttur, hvítur á kvið, kollóttur. Yfirlína fremur sterk. Bolur djúpur, útlögur í meðallagi. Malir nokkuð jafnar og beinar en þaklaga. Fótstaða aðeins nán en sterkleg. Jafnbyggður og í meðallagi háfættur gripur. Meðalvaxtarhraði 970 g/dag.

### Umsögn um móður:

Vitneskja 697 er fædd í september 2007. Bröndótt, kollótt. Í árslok 2013 var hún búin að mjólka í 3,9 ár, að meðaltali 6.948 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,48% sem gefur 242 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 5,14% sem gefur 357 kg af mjólkurfitu eða 598 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

**Nafn og nr. móður:** Vitneskja 697

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
110	113	108	109	93

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjöltun	Skapgerð
88	17	18	19	5

## Milli 12051



Frá Vorsabæ, Flóa  
Fæddur: 20. ágúst 2012  
Ræktandi: Helgi Stefánsson

**Faðir: Tópas 03027**

### Móðurætt:

M. Sella 212  
Mf. Moli 05015  
Mm. Skjalda 123  
Mff. Stígur 97010  
Mfm. Blanda 074, Holti, Svínadal  
Mmf. Sproti 95036  
Mmm. Þefa 078

### Lýsing/umsögn:

Rauður, smáhnýflóttur. Yfirlína aðeins veik. Boldýpt ágæt og útlögur fremur góðar. Þaklaga en jafnar malir, eilítið hallandi. Sterkleg fótstaða. Jafnbyggður og fremur háfættur gripur. Meðalvaxtarhraði 885 g/dag.

### Umsögn um móður:

Sella 212 var fædd í ágúst 2007. Rauð, kollótt. Hún varð fyrir áföllum við burð í október 2013 og var felld. Þá var hún búin að mjólka í 4,0 ár, að meðaltali 6.578 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,16% sem gefur 208 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,99% sem gefur 263 kg af mjólkurfitu eða 470 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: Sella 212

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
114	110	92	105	99

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
87	17	18	18	5

## Loki 12071



Frá Bakka, Kjalarnesi  
Fæddur: 19. október 2012  
Ræktendur: Ásthildur og Birgir

**Faðir: Birtingur 05043**

### Móðurætt:

M. Huppa 356  
Mf. Þröstur 00037  
Mm. Framtíð 225  
Mff. Skuggi 92025  
Mfm. Stör 245, Lambhaga  
Mmf. Frískur 94026  
Mmm. Blika 143

### Lýsing/umsögn:

Dökkkolskóttur, smáhuppóttur m/lauf í enni, kollóttur. Yfirlína ágætlega sterk. Boldýpt og útlögur í meðallagi. Malir fremur grannar, þaklaga og lítið eitt hallandi. Fótstaða aðeins nán en sterkleg. Frekar fínbyggður og fremur háfættur gripur. Meðalvaxtarhraði 880 g/dag.

### Umsögn um móður:

Huppa 356 er fædd í maí 2008. Brandhuppótt, kollótt. Í árslok 2013 var hún búin að mjólka í 3,2 ár, að meðaltali 7.093 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,29% sem gefur 234 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,81% sem gefur 271 kg af mjólkurfitu eða 504 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: Huppa 356

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
110	108	106	106	89

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
85	16	18	17	5